

**Sp.** **724. Breytingartillögur** [38. mál.]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1950 og við brtt. á þskj. 699, 712 og 713.

- I. Frá *Áka Jakobssyni*.
- Við 12. gr. X. Nýr liður:  
Til byggingar sjúkrahúss á Siglufirði ..... 100 000
  - Við 13. gr. C. VIII. 26. (Siglufjörður).  
Fyrir „130 000“ kemur ..... 175 000
- II. Frá *Finni Jónssyni* og *Sigurði Bjarnasyni*.  
Við 13. gr. C. VIII. 15. (Ísafjörður).  
Fyrir „100 000“ kemur ..... 200 000
- III. Frá *Steingrímí Aðalsteinssyni*.  
Við brtt. 699, 7. (Við 13. gr. C. X. — Hafnarbótasjóður).  
Við liðinn bætist þessi aths.:  
Fjárhæðinni skal allri varið til að greiða hafnargerðum og lendingarbótum inneignir þeirra hjá ríkissjóði vegna unninna hafnarframkvæmda, í réttu hlutfalli við inneign hvernar hafnargerðar um sig.

- IV. Frá *Áka Jakobssyni*.  
Við 15. gr. XV. 2. Nýr liður:  
Til tónlistarfélags Siglufjarðar ..... 5 000
- V. Frá *Bjarna Ásgeirssyni, Áka Jakobssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni og Lárusi Jóhannessyni*.  
Við 15. gr. A. XX. Nýr liður:  
Til Þorsteins Hannessonar, til söngnáms ..... 6 000
- VI. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni, Ásmundi Sigurðssyni og Steingrими Aðalsteinssyni*.  
Við brtt. 713,1. (Við 19. gr. 1. — Nýr liður).  
1. Sundurliðunin í 2. málsgr. orðist svo:  
20% á grunnlaun upp að og með 650 kr. á mánuði, en síðan lækkandi um 1.5% á hvern launaflokk þar fyrir ofan.  
2. Fyrir „15%“ í næstsíðustu málsgr. kemur: 20%.
- VII. Frá *Ólafi Björnssyni og Rannveigu Þorsteinsdóttur*.  
Við brtt. 713, 1. (Við 19. gr. 1. — Nýr liður).  
3. mgr. (breyt. á reglugerð nr. 45/1946) fellur niður.
- VIII. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Kristínu Sigurðardóttur, Rannveigu Þorsteinsdóttur og Finnþoga R. Valdimarssyni*.  
Við 22. gr. V. Nýr liður:  
Að greiða Snorra Arinbjarnarsyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk.
- IX. Frá *Bernharð Stefánssyni*.  
Við brtt. 712. XII. (Sigurjón Ólafsson).  
Liðurinn orðist svo:  
Við 22. gr. V. Nýr liður:  
Að greiða Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara og Freymóði Jóhannssyni listmálara 15 þús. kr. byggingarstyrk hvorum.
- X. Frá *Sigurði Ágústssyni*.  
Við brtt. 712, XII. (Við 22. gr. VI. — Nýr liður). Liðurinn orðist svo:  
Að greiða Sigurjóni Ólafssyni myndhöggvara og Sigurði Birkis söngmálastjóra 15 þús. kr. byggingarstyrk hvorum.
- XI. Frá *Jóhanni Hafstein, Gylfa Þ. Gíslasyni, Rannveigu Þorsteinsdóttur, Jónasi Árnasyni og Sigurði Bjarnasyni*.  
Við 22. gr. VI. Nýr liður:  
Að verja allt að 100 þús. kr. til þess að Symfóníuhljómsveit Íslands geti starfað áfram.
- XII. Frá *Jörundi Brynjólfssyni og Eiríki Einarssyni*.  
Við 22. gr. VI. Nýr liður:  
Að veita 20 þús. kr. byggingarstyrk til húsmæðraskóla Árnýjar Filippusdóttur Hveragerði.